



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1361
komudagur 5.3.2012

Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Borgarnesi 5. mars 2012.

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára
samgönguáætlun
fyrir árin 2011 – 2014, 392. mál.**

Flugmálaáætlun.

Hvað flugvallarmál á Vesturlandi varðar þá telur samgöngunefnd SSV ástæðu til að vekja athygli á því hversu mikilvægir Borgarfjarðarflugvellirnir eru m.t.t. þjálfunar á ungum flugmönnum. Mikilvægt er að flugvellir á Snæfellsnesi varðveitist og séu nothæfir, m.t.t. öryggismála fyrir flugsamgöngur og ferðaþjónustu.

Hafnarmál.

Litlir fjármunir eru til hafnamála á Vesturlandi.

Vegaáætlun.

Samgöngunefnd SSV lýsir undrun sinni á forgangsröðun vegna fjármagns til stofnvega. Skýrt kom fram, í sérstöku álitum samgöngunefndar Alþingis er hún afgreiddi síðast samgönguáætlun, að tekið yrði tillit til þess sérstaklega í endurskoðun á samgönguáætlun að tvö verkefni sem áttu að fá fjármagn vegna þorskniðurskurðar (Fróðárheiði var annað verkefnið) myndi nefndin taka sértakt tillit til. Þessi samþykkt nefndarinnar viðist ekki hafa fengið mikla merkingu í drögum að samgönguáætlun nú. Furðu sætir að svo sé og ekki skilinn sá tilgangur nefndarinnar að bóka um þessa sérstaklega ef engin merking var að baki þeirra orða nefndarinnar.

Ef skoðað er það fjármagn sem á að koma inn á Vesturland, í stofnvegi og tengivegi, þá er það afar rýrt svo ekki sé til sterkara að orði kveðið.

1. 2012 koma til Vesturlands 319 m.kr. eða 185 m.kr. í stofnvegi og 134 m.kr. í tengivegi.
2. 2013 koma til Vesturlands 267 m.kr. eða 200 m.kr. í stofnvegi og 67 m.kr. í tengivegi.
3. 2014 koma til Vesturlands 155 m.kr. og er það allt fé í tengivegi.

Af þessu tölum sést að fjármagn til Vesturlands er afar lítið og nær óskiljanlegt að gerð sé tillaga um svo litla fjármuni inn á landshlutann þar sem mörg afar brýn verkefni bíða svo ekki sé talað um alla þá umferð sem fer um svæðið. Það getur ekki verið eðlilegt að skilja Vesturland eftir í fjárveitingum til vegamála og í raun láta þann landshluta borga fyrir hina brýnu uppbyggingu vega á Vestfjörðum sem hafa verið fjársveltir í áratugi.

Fjármagn til viðhaldsverkefna er óviðunandi. Það vegakerfi sem hefur verið byggt upp á síðustu árum þarfnast viðhalds og eru fjármunir til viðhaldsverkefna engan veginn í samræmi við þau eins og staðan er.

Þjóðvegur nr. 1 Reykjavík – Borgarnes.

Brýnt er að hefja framkvæmdir við tvöföldun þjóðvegarins um Kjalarnes til Borgarness. Á þessum kafla hringvegarins er mikil umferð. Í kringum stóðiðjuna á Grundartanga skapast gríðarleg umferð auk allrar almennar umferðar sem er á þessum kafla hringvegarins allt árið um kring. **Brýnt** er að leggja fjármagn til þess að hefja tvöföldun þessa hluta hringvegarins.

Tengivegir

Á landsvísu er áætlaðar 500 millj. kr. til tengivega á árunum 2012 – 2014. Samgöngunefnd SSV ítrekar að þessu fjármagni skuli skipt með sanngjörnum hætti m.t.t. vegalengda í landshlutum/kjördæmum.

Hér er um afar lága fjárhæð að ræða og minnt skal á að samgöngur eru forsendur byggðar á landsbyggðinni.

Um NV kjördæmi liggja um 40% af heildarvegakerfi landsins. Til samanburðar má nefna að um Suðurland liggja um 27% vega landsins. Heildarvegakerfi NV kjördæmis eru rúmir 5000 km. Þar af eru tengivegir 1300 km og af þeim liggja um 500 km um Vesturland. Svipaða sögu er að segja um héraðsvegi. Svæðið er dreifbýlt og mikil þörf er á því að endurgera vegi og auka við slitlag á tengi- og héraðsvegum og er það mat forsvaraðila Vegagerðarinnar á Vesturlandi að landshlutinn hafi orðið á eftir hliðstæðum svæðum hvað slitlagsvæðingu varðar.

Tekjur ríkisins af skatti af eldsneyti og skattlagningum bifreiða.

Það telst óásættanlegt að þær tekjur sem ríkið hefur af sölu eldsneytis og annarri skattlagningu sem tengist bifreiðum skuli ekki skila sér í ríkara mæli til vegaframkvæmda er raunin er.

Umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Í samgönguáætlun er kafli um umhverfislega sjálfbærar samgöngur og er það vel. Vert er þó að benda á að ekki munu allir Íslendingar geta ekið um á eyðslugrönnum litlum bifreiðum. Íbúar innan þéttbýlis geta, í mörgum tilfellum, gengið til vinnu eða notað almenningssamgöngur. Sama verður ekki sagt um stöðu fólks sem býr í dreifðum byggðum. Þar stuðlar útbúnaður bifreiða einfaldlega að umferðaröryggi íbúanna.

Byggðastefna – nútímavæðing skattkerfisins.

Stór svæði á Vesturlandi eru dreifbýli en ríkisvaldið hefur ekki komið á móti byggðapróun. Á vissan hátt má segja að dreifbýlisbúar sitja í fjötrum erfiðs og úrelts skattaumhverfis sem beinlínis kemur niður á nútímavæðingu þeirrar byggðapróunar sem hefur átt sér stað. Í þessu sambandi má nefna skattalöggjöf sem gerir ekki ráð fyrir því að fólk geti ekið til vinnu langar vegalengdir og dregið þann kostnað frá skattskyldum tekjum. Samgöngunefnd SSV skorar á alþingismenn að skoða þessa hlið málsins m.t.t. fjármagns skattalöggjafarinnar, eins og áður hefur komið fram, og til uppbyggingu og viðhalds vega í dreifbýli. Dreifbýlisbúar hafa mátt þola hrikalega kostnaðarauka vegna aukinna skattlagninga ríkisins á bifreiðar og eldsneyti.

Viðhald þjóðvega og umferðaröryggi.

Samgöngunefnd SSV setur stórt spurningamerki við fjármagn til viðhalds vega og minnir einnig á verkefni sem tengjast vetrarþjónustu. Viðhald á vegakerfinu og vetrarþjónusta verður að vera fullnægjandi og má ekki koma niður á öryggi vegfarenda. Í þessu sambandi er vert að nefna þann fjölda fólks sem býr orðið í dreifðum byggðum og þarf að sækja atvinnu daglega. Hér er því um að ræða enn einn áhrifavald sem lýtur að byggðapróun í landinu.

Rammaáætlun um vegagerð.

Samgönguáætlun SSV leggur áherslu á að unnin verði rammaáætlun fyrir vegagerð. Með áætlun sem unnin er til langs tíma skapast möguleikar á því að undirbúa vel þær framkvæmdir sem t.d. þurfa að fara í umhverfismat. Rammaáætlun auðvelgdar allt skipulag veglína til framtíðar.

Virðingarfyllt
Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV.